

## **15. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Lægt syrir Alþingi 1927).

1. gr.

Aftan við 19. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, komi ný grein svohljóðandi:

Pegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt undanþágu frá prófskröfum þeim og skilyrðum

að því er sjómensku snertir, sem nefnd eru í lögum þessum, en þó að jafn-aði að eins frá liðunum b. og c. i 10. gr., b. i 12. gr. e. i 14. gr. og d. i 17. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en belmingur hins áskilda tíma. Sje um að ræða aðrar undanþágur, má eigi veita þær nema forstöðumaður stýrimannaskólans telji þær forsvaranlegar.

## 2. gr.

Lög þessi óðlast þegar gildi.

### A thug a s e m d i r við l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Það hefir undansarin ár komið þrásfaldlega fyrir, að eigi hefir verið unt að fá stýrimenn og skipstjóra, — einkum á fiskiskip, — sem hafi haft nægilega langan siglingatíma til þess að fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru í siglingaatvinnulögnum. Hefir því ráðuneytið oft orðið að gripa til þess, að slá eitthvað af kröfunum, einkum að því er siglingatímann snertir, þareð annars oft hefði viljað til að skip yrðu ekki gerð út að sinni vegna skorts á hæfum mönnum.

Frumvarp þetta er því boríð fram til þess að fá inn i lögin svipaða undanþáguheimild og var í 16. gr. siglingaatvinnulaganna frá 3. nóv. 1915, en sem síðar hefir komið í ljós að ófyrirsynju var afnumin með lögnum frá 1922. Það skal tekið fram, að þar sem venja er að bera allar slikar undanþágubeiðnir undir þann sjerfræðing, sem stjórnin hefir til ráðuneytis í þessum esnum, ætti það að vera nægileg trygging fyrir því að undanþágur verði að eins veittar þegar þörf er á.

### 16. Frumvorp

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1927)

Ríkisborgararjettur veitist frú Ingeborg Stein-Bjarnason listmálaranema, fæddri í Sviss.

### A thug a s e m d i r við l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frú Ingeborg Stein-Bjarnason er fædd í Zürich 9. febrúar 1901 og er dóttir Þorleifs H. Bjarnason yfirkennara við Hinn alm. mentaskóla og fyrrí konu hans, dr. phil. Adeline Rittershaus. Með því að faðir frú Ingeborg Stein-Bjarnason er og hefir ætið verið íslenskur ríkisborgari hefir dóttir hans einnig átt íslenskan ríkisborgararjett frá fæðingu, til þess er hún giftist, hinn 12. nóv. 1920, svissneskum verkfræðingi, Theodor Stein, en síðan hefir hún vita-skuld átt svissneskan ríkisborgararjett. En hjónabandi hennar og Steins var

slitið 20. maí 1925 og þar sem móðir hennar er látin, hefir hún óskað af fá aftur íslenskan rikisborgararjett, þar sem engin bönd bindi hana lengur við Sviss, þegar hjónabandi hennar er slitið. Móðir hennar var þýsk. Umsækjandinn er nú við listmálaranám í Parísborg og eftir því, sem atvik liggja til, virðist rjett að verða við þessari beiðni.

## 17. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1925.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

| I. Tekjur:   | Áæ lun      | Reikningur  |
|--|-------------|-------------|
|  | kr.         | kr.         |
| 1. Fasteignaskattur ... ... ... ... ... ...            | 215000,00   | 235182,30   |
| 2. Tekju- og eignarskattur ... ... ... ...             | 800000,00   | 2108926,91  |
| 3. Aukatekjur ... ... ... ... ...                      | 280000,00   | 436760,64   |
| 4. Erfðafjárskattur ... ... ... ...                    | 30000,00    | 37089,65    |
| 5. Vitagjald ... ... ... ...                           | 195000,00   | 392470,87   |
| 6. Leyfisbrjefagjöld ... ... ... ...                   | 10000,00    | 13527,05    |
| 7. Útflutningsgjald ... ... ... ...                    | 700000,00   | 1226562,96  |
| 8. Áfengistollur ... ... ... ...                       | 430000,00   | 808882,22   |
| 9. Tóbakstollur ... ... ... ...                        | 400000,00   | 658267,50   |
| 10. Kaffi- og sykurtollur ... ... ... ...              | 890000,00   | 1093758,67  |
| 11. Vörutollur ... ... ... ...                         | 1120000,00  | 2176428,63  |
| 12. Annað aðflutningsgjald ... ... ... ...             | 115000,00   | 262947,34   |
| 13. Verðtollur ... ... ... ...                         | ... ... ... | 2085668,23  |
| 14. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð ... ...       | 15000,00    | 24934,04    |
| 15. Stimpilgjald ... ... ... ...                       | 600000,00   | 386641,22   |
| 16. Lestagjald ... ... ... ...                         | 30000,00    | 42311,50    |
| 17. Pósttekjur ... ... ... ...                         | 350000,00   | 561992,83   |
| 18. Símatekjur ... ... ... ...                         | 1000000,00  | 1468673,47  |
| 19. Víneinkasala ... ... ... ...                       | 300000,00   | 550000,00   |
| 20. Tóbakseinkasala ... ... ... ...                    | 200000,00   | 450000,00   |
| 21. Steinolidueinkasala ... ... ... ...                | 60000,00    | 90364,00    |
| 22. Skólagjöld ... ... ... ...                         | 20000,00    | 26085,00    |
| 23. Bifreiðaskattur ... ... ... ...                    | 22000,00    | 24687,26    |
| 24. Tekjur af fasteignum rikissjóðs o. fl. ... ...     | 55100,00    | 40773,03    |
| 25. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o.fl. | 225000,00   | 362352,36   |
| 26. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld ... | 227000,00   | 904705,15   |
| 27. Tekjur samkv. sjerstökum lögum ... ... ...         | ... ... ... | 327367,50   |
| Samtals ...  | 8289100,00  | 16797360,33 |

| II. Gjöld:   | Fjárveiting | Reikningur  |
|--|-------------|-------------|
|  | kr.         | kr.         |
| 1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans ... ... ... ... ... | 2193602,13  | 2000197,41  |
| 2. Borðje Hæns Hátignar konungsins ... ... ...                                   | 60000,00    | 60000,00    |
| 3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna ... ... ... ...         | 174500,00   | 268925,91   |
| 4. Til ráðuneytisins o. fl :   |             |             |
| A. Ráðuneytið o. fl ... ... ... ...  | 155850,00   | 206601,88   |
| B. Hagstofan ... ... ... ...   | 36500,00    | 56454,44    |
| C. Gjöld í Kaupmannahöfða ... ... ...  | 39500,00    | 52219,40    |
| 5. A. Dómgæsla og löggreglustjórn ... ... ...                                    | 396300,00   | 516452,34   |
| B. Ýmisleg gjöld ... ... ...   | 205600,60   | 290256,22   |
| 6. Læknaskipun og heilbrigðismál ... ... ...                                     | 927260,00   | 1214835,63  |
| 7. Til samgöngumála:   |             |             |
| A. Póstmál ... ... ... ...   | 398374,00   | 456300,09   |
| B. Vegabætur ... ... ... ...   | 254000,00   | 481409,94   |
| C. Samgöngur á sjó ... ... ...   | 265000,00   | 294750,00   |
| D. Hraðskeyta- og talsímasamband ... ...   | 815300,00   | 1351906,90  |
| E. Vitamál ... ... ... ...   | 112650,00   | 169899,17   |
| 8. Til kirkju- og kenslumála:  |             |             |
| A. Andlega stjettin ... ... ... ...  | 218806,28   | 285033,25   |
| B. Kenslumál ... ... ... ...   | 845980,00   | 1112252,15  |
| 9. Til vísinda, bókmenta og lista ... ... ...                                    | 180810,00   | 203641,36   |
| 10. Til verklegra fyrirtækja ... ... ...   | 531850,00   | 570273,08   |
| 11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur ...                                | 4000,00     | 47617,95    |
| 12. Eftirlaun og styrktarfje ... ... ...   | 190512,98   | 215296,79   |
| 13. Óviss útgjöld ... ... ...  | 268000,00   | 340515,60   |
| 14. Eimskipafjelag Íslands ... ... ...   | ...         | 60000,00    |
| 15. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjárukalögum ...                               | ...         | 1403158,79  |
| 16. Greitt Landsbankanum lán 1918 ... ...  | ...         | 500000,00   |
| 17. Ásborgun lausra skulda ... ... ...   | ...         | 3376279,75  |
| 18. Aukin innstæða ... ... ...   | ...         | 56242,32    |
| 19. Aukinn sjóður ... ... ...  | ...         | 1206839,96  |
| Samtals ...  | 8274395,39  | 16797360,33 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningurinn syrir árið 1925 veiður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögini, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.